



Eyjafjörður - rennslis- og hitamæling 19.  
mars 1982

**Sigmundur Einarsson, Brynjólfur Eyjólfsson**

**Greinargerð SE-BE-82/02**

Eyjafjörður - rennslis- og hitamæling 29. mars 1982.

Mánudaginn 29. mars 1982 voru hita- og rennslismældar eftirtaldar laugar á vinnslusvæði Hitaveitu Akureyrar í Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi.


1. Garðsárlaug. Hitastig í Garðsárlaug mældist  $19,8^{\circ}\text{C}$  og rennsli  $0,2$  l/s. Ekki reyndist unnt að gera mælingar á sytrunni niðri í gilinu vegna vatnsaga.
2. Grýtulaug. Hitastig í Grýtulaug mældist  $32,5^{\circ}\text{C}$  og rennsli  $0,14$  l/s. Laugin í skurðinum mældist  $23,3^{\circ}\text{C}$  og rennsli  $0,11$  l/s. Dýin norður af Grýtulaug voru einnig hitamæld. Niðurstöður hitamælinganna eru sýndar á mynd 1. Mælingarnar í dýjunum voru gerðar á  $1,0$  m dýpi.
3. Gilslaug. Hitastig mældist  $48,4^{\circ}\text{C}$  og rennsli  $0,38$  l/s. Lítið rennsli var í Gilsá og innrennsli í laugina því í lágmarki. Tjörnin sem myndast yfir lauginni stóð að mestu hærra en Gilsá og verður að telja líklegt að leki út í gegnum botn tjarnarinnar hafi verið a.m.k. jafn mikill og innrennslið og líklega meiri. Rennslismælingin er því lágmarksmæling.
4. Kristneslaugar. Hiti í efri lauginni mældist  $58,4^{\circ}\text{C}$  og rennsli  $0,48$  l/s. Rennsli úr neðri laug mældist  $0,19$  l/s.

Allar hitamælingarnar voru gerðar með ylkanna.

Sigmundur Einarsson  
Brynjólfur Eyjólfsson

LAUGAR VIÐ GRÝTU, ÖNGULSTAÐAHREPPI 29.3.1982

Mynd 1



- SKÝRINGAR
- skurður
- GW-I borhola
- 7,4 jarðhiti (°C)

100m